

Pingskjal 425 — 349. mál.

Frumvarp til laga

**um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998,
með síðari breytingum (flugvirkt, flugvernd, neytendavernd, EES-
skuldbindingar, loftferðasamningar o.fl.).**

(Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012.)

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

3. gr.

Við 4. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir samþykki rétthafa má fella loftfar af loftfaraskrá ef ákvæði b-, c- eða d-liðar 1. mgr. eiga við og fyrir liggur fullnægjandi staðfesting þess að loftfarið verði ekki lofthæft á ný eða verðmæti réttindanna eru óveruleg í ljósi þeirra atvika og hagsmuna sem í húfi eru.

Athugasemd:

Breyting þessi vinnur gegn varðveislu sagnfræðilega mikilvægra hagsmuna. Engin gild ástæða er fyrir því að setja slíka reglu og óljóst hver eigi að meta hvort loftfar verði „ekki lofthæft á ný“.

21. gr.

a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Rekstraraðili flugvallar skal verða við beiðni Umhverfisstofnunar um að aftra för loftfars uns lögmælt gjöld vegna losunar gróðurhúsalofttegunda, er varða viðkomandi loftfar, eru greidd eða trygging sett fyrir greiðslu þeirra.

Athugasemd:

Breytingin samrýmist ekki íslenskum lögum þar sem með henni er fyrirhugað að fela einkaaðilum (t.d. Einiholtsmelaflugvelli BIEH) heimild til að kyrretja loftför á grundvelli sjónarmiða sem ekki eru hluti af því réttarsambandi sem milli viðkomandi aðila er hverju sinni.

- Breytingin hefur ekkert með flugöryggi að gera og ætti ekki að vera í lögum um loftför.

- Einkaaðilar eru ekki til þess fallnir að fara með stjórnsýsluvald sem þetta sem um ættu að gilda stjórnsýslulög.
- Verið er að blanda saman málaflokkum með óheppilegum hætti og leggja ábyrgð á aðila sem standa í rekstri sem er með öllu ólíkur ábyrgðargrundvellingum.
- Breytingin eykur flækjustig og minnkar réttaröryggi og fyrirsjáanleika í þegar flóknu regluverki málaflokksins.